

Viðtakandi:

Nefndasvið Alþingis

b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, mál 778.

Almennt um málefnið

Ósnortin náttúra, hvort heldur sem er landslag, náttúrufar, lífríki eða jarðmyndanir, er takmörkuð auðlind. Markmiðið með friðun náttúru, lífríkis og minja er að stuðla að verndun og viðhaldi á þeim þáttum sem friðaðir eru. Auk þess að stuðla að því að bæði við sem nú lifum og komandi kynslóðir geti notið þeirra lífsgæða að sjá og upplifa fjölbreytt náttúrulegt landslag og lífríki um ókmna tíð.

Á Íslandi eru margar stofnanir og ráðuneyti sem koma að og hafa með náttúru-, land- og minjavernd að gera. Auk þess eru flokkar friðlýsingar margir og mismunandi og því er regluverk og umsjón með svæðunum mjög breytileg milli svæða og erfitt að henda reiður á hver ber ábyrgð á hverju.

Náttúrufræðistofnun skoðar og metur verndargildi svæða, og gerir tillögu að náttúruminjaskrá þar sem eru upplýsingar um friðlýst svæði og áætlun um náttúruminjar sem vilji er til að friða á gildistíma skrárinnar. Náttúruminjaskrá er samþykkt af Alþingi í formi þingsályktunar sem gildir til fimm ára í senn.

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsinga og hefur einnig það hlutverk að halda utan um umsjón og rekstur friðlýstra svæða auk þess að reka þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Skortur á mannafla og fjármagni hefur oft hamlað því að hægt væri að sinna öllum þeim verkefnum sem þar hefur þurft að sinna.

Vatnajökulsþjóðgarður og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum eru reknir sem sjálfstæðar stofnanir. Sérlæg gilda um verndun Breiðafjarðar, Mývatns og Laxár, auk þess sem tilgreind vistkerfi og jarðminjar njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Landgræðslan og Skógrækin hafa einnig umsjón með ákveðnum landssvæðum, auk þess sem Jarðasjóður ríkisins, Minjastofnun og Þjóðlendunefnd hafa með landsvæði að gera. Þá eru ótaldir almennir landeigendur og sveitarfélög sem hafa með allt skipulagsvald að gera.

Mikilvægt er að einfalda þetta kerfi og gera það skilvirkara, til að hægt sé að sinna þeim aðkallandi verkefnum sem snúa að þjóðgöörðum, friðlöndum og náttúruvernd á Íslandi.

Almennt um frumvarpið

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi gerir ekki beinar athugasemdir við orðalag eða framsetningu ákvæða í frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun.

En vilja þó áréttta eftirfarandi atriði:

- Skipulagsvaldið er alltaf hjá viðkomandi sveitarfélagi, því þarf að yfirfara og tryggja að þetta frumvarp skerði ekki það vald.
- Skerpa þarf á samráði við viðkomandi sveitarstjórn, heimamenn og landeigendur varðandi ákvörðun um friðlýsingu lands.
- Tryggja þarf aðkomu stjórnvalda minjamála að umdæmisráðum þjóðgarða og friðlýstra svæða.
- Ekki liggur fyrir, fyrr en það er ljóst hvaða landsvæði hvert umdæmisráð muni spanna, hvort sveitarstjórnir á Vesturlandi séu hlyntar því að umdæmaráð verði heppilegri leið til samráðs um málefni friðlýstra svæða heldur en beint samráð við einstaka sveitarstjórnir.

Um Þjóðgarðastofnun

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eru samþykkt áformum um að stofnuð verði Þjóðgarðastofnun, sem annist yfirstjórn og veiti faglega ráðgjöf varðandi málefni sem varða friðlýst svæði, stofnun og rekstur þjóðgarða og önnur náttúruverndarsvæði sem undir stofnunina heyra samkvæmt lögum.

Stjórnsýsla þjóðgarða og friðlýstra svæða hefur fram til þessa ekki verið samræmd og oft hefur leikið vafi á hver sé umsjónar- og ábyrgðaraðili á friðslýstum svæðum. Samtökin vænta þess að ný miðlæg stofnun geti stuðlað að öflugri og skilvirkari umsjón, eftirliti og framkvæmd á náttúruverndarsvæðum.

Í almennum skýringum við frumvarpið kemur fram að í skipulagi Þjóðgarðastofnunar verði lögð áhersla á valddreifingu og aðkomu sveitarfélaga að rekstri og þróun þeirra svæða sem stofnunin á að hafa umsjón með. Þar er horft til þess að byggt verði á því fyrirkomulagi sem gilt hefur í Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem ríki og sveitarfélög fara sameiginlega með stjórn þjóðgarðsins.

Í fyrri kynningu á frumvarpinu kom fram að gert væri ráð fyrir að starfsstöðvar stofnunarinnar yrðu víða um land, í samræmi við eðli verkefna stofnunarinnar.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi gera því athugasemd við að felldur hefur verið út texti úr 24. gr. frumvarpsins sem kynnt var í samráðsgátt, og óska eftir að þessi texti verði settur aftur inn:

Starfsfólk miðlægrar stoðþjónustu getur haft aðsetur á aðalskrifstofu stofnunarinnar eða einhverri af starfsstöðvum hennar eftir því sem hentugast þykir hverju sinni.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi leggja áherslu á að það hentar vel að staðsetja starfsemi þjóðgarðastofnunar á Vesturlandi.


Á Vesturlandi er þjóðgarður auk fjölda friðlýstra svæða, einnig er gott aðgengi að hálendinu og stutt vegalengd að Þingvöllum og inn á Höfuðborgarsvæðið. Með ljósleiðaravæðingu er nú auðvelt að staðsetja starfsemi víða um landið og á Vesturlandi eru stofnair sem styðja vel við fyrirhuguð verkefni og rekstur þjóðgarðastofnunar.

Má þar helst nefna LBHÍ sem er mennta- og rannsóknarstofnun á sviði náttúrunýtingar og umhverfisfræða, með áherslu á verndun og sjálfbæra nýtingu auðlinda landsins. LBHÍ er með aðalstarfsstöð á Hvanneyri í Borgarfirði, en þar eru einnig reknar starfsstöðvar Landgræðslunnar, Skógræktarinnar og Hafrannsóknarstofnunar, svo eitthvað sé nefnt. Auk þess eru Landmælingar Íslands staðsettar á Akranesi, Náttúrustofa Vesturland í Stykkishólmi, UMÍS ehf. Environice ráðgjöf um umhverfismál og sjálfbæra þróun í Borgarnesi og Umhverfisstofnun hefur haft umsjón með rekstri þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og friðlanda á Vesturlandi.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi leggja því til að þjóðgarðastofnun verði staðsett á Vesturlandi og munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að greiða fyrir stofnun og staðsetningu stofnunarinnina í landshlutanum.

Virðingarfyllt

f.h. SSV



Páll S. Brynjarsson
framkvæmdastjóri

**SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI**